



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. desember 2009.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um umhverfis- og auðlindaskatta, 257. mál.

Með frumvarpinu er ætlunin að skattleggja vörur og aðföng sem eru afar mikilvæg í iðnrekstri. Í fjölda fyrirtækja vega innkaup á þessum vörum þungt í rekstrinum. Íslensk stjórnvöld hafa löngum litið svo á að einn af kostum þess að reka iðnaðarstarfsemi hérlendis séu góð kjör á raforku og vatni. Samtökin iðnaðarins vara við því að leggja þungar álögur á þessar nauðsynjar.

Fyrirhugð skattlagning er kynnt sem tímabundin og skattarnir nefndir umhverfis- og auðlindaskattar. Að fenginni reynslu óttast SI að freistast verði til að framlengja skattlagninguna þegar þar að kemur, sérstaklega þegar hann er kynntur sem umhverfisskattur og rökin fyrir skattlagningunni að hluta til á umhverfislegum forsendum. Þess vegna er minnt á skýrsluna *Heildarstefnumótun um skattlagningu ökutækja og eldsneytis*, gefin út af fjármálaráðherra 30. maí 2008. Þar eru lagðar fram tillögur um skatta á eldsneyti líkt og hér er boðað. Þar er hins vegar gert ráð fyrir að vörugjöld lækki á móti þannig að heildarskattlagning aukist ekki. Mikilvægt er að þetta verði skoðað þegar lög þessi falla úr gildi.

Í athugasemdum með frumvarpinu eru boðaðar frekari breytingar á gjöldum með það að markmiði að hvetja til notkunar á vistvænum ökutækjum og orkusparnaði. Hér gildir það sama og um skatt á eldsneyti að í fyrrnefndri skýrslu er gert ráð fyrir að heildarskattlagning aukist ekki. Vel er hægt að laga skattlagningu að umhverfissjónarmiðum án þess að heildarálögur á atvinnustarfsemi aukist.

Að öðru leyti vísast til þeirra meginsjónarmiða er fram koma í umsögn SA um frumvarpið.

SAMTÖK IÐNAÐARINS

Jón Steindór Valdimarsson
frámkvæmdastjóri